

Miðvikudagurinn 3. júní 1998 kl. 10:00

112. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 2/1998

**Fyrirhugaðar eignarhaldsbreytingar  
í Hagkaupi hf. og Bónusi sf.  
og sameining fyrirtækjanna tveggja**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

Þann 30. apríl sl. barst erindi frá Ásgeiri Þór Árnasyni hrl., f.h. Eignarhaldsfélagsins Hofs sf., Fjárfestingarfélagsins Þors hf. og Gaums ehf., þar sem leitað er álits samkeppnisráðs á breyttri eignaraðild að Hagkaupi hf. og Bónusi sf. og fyrirhugaðri sameiningu fyrirtækjanna tveggja. Er vísað til 3. mgr. 18. gr. samkeppnislaga í erindinu.

Þegar erindið barst áttu Hof og Þor öll hlutabréf í Hagkaupi og helmings eignarhlut í Bónusi. Gaumur átti hinn helminginn í Bónusi. Vilji var hjá eigendum fyrirtækjanna fyrir því að Hof og Þor yrðu eigendur  $\frac{3}{4}$  hluta í Bónusi en á móti eignaðist Gaumur  $\frac{1}{4}$  hluta í Hagkaupi. Í erindinu segir einnig að hugmynd eigenda fyrirtækjanna sé „...að sameina Hagkaup hf. og Bónus sf. í framtíðinni í eitt öflugt verslunarfyrirtæki með sjálfstæðum deildum og gera félagið að almenningshlutafélagi.“ Í erindinu er síðan rakið að eignatengsl félaganna hafi orðið árið 1992 og hafi haldist óbreytt frá þeim tíma. Ennfremur er bent á að fyrirtækin starfi á mismunandi sviðum markaðarins og höfði til ólíkra markhópa. Hugur eigenda standi til að halda þeirri aðgreiningu og skerpa hana enn frekar. Ennfremur er minnst á náíð samstarf Hagkaups og Bónuss en félögin reka m.a. í sameiningu innkaupafyrirtækið Baug sf.

**2.**

Þann 22. maí sl. barst annað bréf frá Ásgeiri Þór Árnasyni hrl., f.h. áðurnefndra umbjóðenda hans. Þar er það upplýst að samhliða þeim fyrirætlunum sem fram koma í erindinu frá 30. apríl sé nú stefnt að því að Gaumur (eigandi 50% hluta í Bónusi) ásamt

nokkrum fjárfestum stofni hlutafélagið Gír hf., sem eignist öll hlutabréf í Hagkaupi og alla eignarhluti í Bónusi. Muni hið nýja félag þanni eignast öll hlutabréf Hofs og Þors í Hagkaupi og Bónusi. Gaumur muni og leggja hlut sinn í Bónusi til félagsins.

Geri samkeppnisráð ekki athugasemdir við eigendabreytingarnar muni eignarhald á Hagkaupi og Bónusi verða í höndum Gírs en eigendur þess félags og eignarhlutur eigenda verði sem hér segir:

Gaumur ehf.	25,0%
Fjárfestingabanki atvinnulífsins hf.	32,5%
Kaupþing hf.	32,5%
Gír hf.	10,0%

Því er síðan lýst í bréfinu að fyrirætlanir þær sem raktar hafi verið í erindinu frá 30. apríl standi að öðru leyti óbreyttar og það sé mat umbjóðenda bréfitara að engar efnisbreytingar séu á því erindi.

## **II.**

### **Álit samkeppnisráðs**


#### **1.**

Í erindi Ásgeirs Þors Árnasonar, lögmanns, frá 30. apríl sl., er á grundvelli 3. mgr. 18. gr. samkeppnislaga, leitað álits samkeppnisráðs á fyrirhugaðri sameiningu fyrirtækjanna Hagkaups og Bónuss. Lagaákvæðið kveður á um að aðilar sem hyggi á samruna eða yfirtöku, geti leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort hinn fyrirhugaði gjörningur leiði til markaðsyfírráða, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæður markmiði samkeppnislaga. Ákvæðið nær einnig til þess ef eigendur með virk yfírráð í einu fyrirtæki hyggjast ná virkum yfírráðum í öðru fyrirtæki og óska eftir vitneskju um hvort slíkt brjóti gegn markmiði laganna. Samkeppnisráð hefur sex vikur til að taka afstöðu til óskar um álit fyrir fram.

#### **2.**

Í nóvember árið 1992 eignaðist Fjárfestingarfélagið Þor 50% hlut í Bónusi. Eftir þau kaup áttu eigendur Þors og Hofs, en það eru sömu einstaklingarnir, u.þ.b. 100% hlut í Hagkaupi og 50% hlut í Bónusi. Á móti Þori átti Ísaldi hf. 50% hlut í Bónusi.

## Eignatengsl Hagkaups og Bónuss fyrir breytingar á eignarhaldi á árinu 1998



Eftir að Þor eignaðist hlut í fyrirtækinu voru gerðar sérstakar samþykktir fyrir Bónus. Fjölludu samþykktirnar um eignarhluti, stofnfé, kauprétt, stjórnskipulag o.fl. sem hefðbundið er í slíkum samþykktum. Þar kemur m.a. fram að fjögurra manna stjórn skuli vera í félaginu. Hvor hópur eigenda, Þor annars vegar og Ísaldi hins vegar, skal kjósa tvo stjórnarmenn. Ennfremur segir í samþykktunum að skylt sé að boða stjórnarfund að kröfu eins stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra og stjórnarfundir séu ekki lögmatir nema mættir séu a.m.k. þrjú stjórnarmenn. Sett eru fram fimm tölusett atriði sem skilgreind eru sem meginskyldur stjórnar. Meðal þeirra segir í öðrum tölulíð: „Að hafa stöðugt og ítarlegt eftirlit með öllum rekstri félagsins, sjá um að skipulag þess og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Sérstaklega skal hún annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins.“ Í fimmta tölulíð um skyldur stjórnar segir; „Að ráða fram úr öðrum málum, sem hún telur nauðsyn á hverju sinni.“ Nokkrar ákvarðanir skulu háðar samþykki allra stjórnarmanna. Meðal þeirra eru ákvarðanir um fjölgun verslana, fækkun verslana, fjárfestingar umfram það sem telst liður í daglegum rekstri félagsins og meiriháttar ákvarðanir sem tengjast ákvæði þess efnis að Bónus ásamt Hagkaupi vinni að hagkvæmni í innkaupum beggja aðila, sameiginlegum innflutningi og sameiginlegri nýtingu á framleiðslustarfsemi félaganna s.s. kjötvinnslu. Ennfremur segir í samþykktunum að verði kjötvinnsla Hagkaups gerð að sérstöku félagi skuli eigendur Ísaldi eiga rétt til að kaupa 50% hluta þess félags.

### 3.

Árið 1994 stofnuðu Ísaldi, Þor, Hagkaup og Bónus hlutafélagið Baug. Tilgangur þess félags er að annast innkaup, birgðahald, dreifingu og annan tengdan rekstur fyrir verslanir eigenda félagsins. Með því var sameinaður hluti þeirrar starfsemi sem fram hafði farið hjá hvoru fyrirtæki fyrir sig, Hagkaupi og Bónusi.

#### 4.

Eftir kaupin á umræddum 50% hlut í Bónusi og með samþykktum í félaginu í kjölfar kaupanna varð eigendum Þors unnt að hafa ákvarðandi áhrif í Bónusi, m.a. með því að samþykki allra stjórnarmanna þarf við mikilvæga ákvarðanatöku. Með kaupum á hlut í Bónusi öðluðust eigendur Þors þannig virk yferráð í félaginu í skilningi samkeppnislaga, samanber 4. gr. laganna. Við það urðu Hagkaup og Bónus að einni samkeppnislegri einingu<sup>1</sup>.

Kaup Þors á 50% hlut í Bónusi fólu því í sér slíka samþjöppun á matvörumarkaðnum að þau yrðu tekin til athugunar og eftir atvikum íhlutunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga. Hins vegar voru kaupin gerð fyrir gildistöku samkeppnislaganna. Þar eð ekki voru sambærileg ákvæði og í 18. gr. samkeppnislaga í lögum nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti sem í gildi voru árið 1992 höfðust yfirvöld ekki að vegna þeirrar samþjöppunar sem kaupin leiddu til.

Þegar Baugur var stofnaður rann saman hluti þeirrar starfsemi sem áður hafði verið innt af hendi hjá hvoru fyrirtæki fyrir sig, Hagkaupi og Bónusi. Samkeppnisyfírvöld töldu ekki efni til að hafast að vegna félagsstofnunarinnar þar sem hin samkeppnislega samfylking hafði orðið með kaupum Þors á stóru hlut í Bónusi árið 1992, eins og áður segir.

#### 5.

Hér að framan hefur því verið lýst að samfylking Hagkaups og Bónuss árið 1992 hafi haft í för með sér breytingar á samkeppnislegri gerð þess markaðar eða þeirra markaða sem fyrirtækin starfa á. Fyrirtækin urðu þá að samkeppnislegri einingu. Fyrirhugaðar breytingar á eignarhlutum í Hagkaupi og Bónusi og fyrirhuguð sameining félaganna tveggja í eitt félag, sem fjallað er um í álitsbeiðni Ásgeirs Þórs Árnasonar hrl. frá 30. apríl sl. og bréfi hans frá 22. maí, munu því, í skilningi 18. gr. samkeppnislaga, ekki hafa í för með sér breytingar á gerð þeirra markaða sem fyrirtækin starfa á, þ.e. fyrirhugaðir gjörningar leiða ekki til frekari samþjöppunar á markaðnum en þegar er orðin.

---

<sup>1</sup> Sambærilegur skilningur á virkum yferráðum kemur fram í samrunareglum ESB (Council Regulation 4064/89), 3. mgr. 3. gr.: “For purposes of this Regulation, control shall be constituted by rights, contracts or any other means which, either separately or in combination and having regard to the considerations of fact or law involved, confer the possibility of exercising decisive influence on an undertaking, in particular by:

- (a) ownership or right to use all or part of the assets of an undertaking;
- (b) rights or contracts which confer decisive influence on the composition, voting or decision of the organs of an undertaking.”

## 6.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er það álit samkeppnisráðs að fyrirhugaðar breytingar á eignarhaldi í Hagkaupi og Bónusi og fyrirhuguð sameining fyrirtækjanna tveggja hafi ekki í för með sér frekari samþjöppun á markaðnum eða frekari áhrif á samkeppnislega gerð markaða sem fyrirtækin starfa á, en þegar var orðið er samkeppnislög tóku gildi 1. mars 1993. Fyrirhugaðir samningar geta því ekki komið til athugunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga.